



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Bein erlend fjárfesting


Arðrán eða ávinningur?

Viðskiptaráð Íslands
Október 2013

Efling erlendrar fjárfestingar er mikilvægur þáttur í varanlegum efnahagsbata Íslands

Af hverju skiptir erlend fjárfesting máli?


- Sýnt hefur verið fram á **jákvætt samband** beinnar erlendrar fjárfestingar og hagvaxtar í fjölda fræðigreina.
- Bein erlend fjárfesting kemur í mörgum tilfellum sem **hrein viðbót** við þá innlendu fjárfestingu sem fyrir er.
- Erlendri fjárfestingu fylgir **þekking og tengsl** sem jafnan eflir framleiðni og verðmætasköpun hagkerfisins.
- Fyrir **lítil og einsleit hagkerfi** líkt og það íslenska skiptir erlend fjárfesting og afleidd áhrif hennar enn meira máli en ella.



Hvernig er málum háttað á Íslandi?

- Bein erlend fjárfesting á Íslandi hefur verið **mjög lág** í gegnum tíðina samanborið við nágrannalönd.
- Undantekning frá því er þó á 7. áratugi síðustu aldar og á árunum 2004-2007 þegar álversframkvæmdir erlendra fyrirtækja áttu sér stað.
- Frá því að landið var opnað fyrir erlendum fjárfestum innan EES árið 1994 hefur bein erlend fjárfesting **ekki vaxið að verulegu marki**, þrátt fyrir aukið aðgengi erlendra fjárfesta.
- Fjárfestingarnar hafa í of ríkum mæli **beinst að afmörkuðum geirum**, s.s. stóriðju í stað þess að dreifast yfir ólíkar greinar hagkerfisins.
- Hömlur á erlenda fjárfestingu á Íslandi eru enn með þeim mestu innan OECD þrátt fyrir að dregið hafi úr þeim á síðustu árum, ef frá er talið bakslag vegna gjaldeyrishafta.

Meðaltal innflæðis beinnar erlendrar fjárfestingar (1994-2003)*




*Notast var við árin 1994-2003 þar sem þetta eru árin milli þess sem Ísland gerðist aðili að EES og álversframkvæmdir Alcoa hófust í Reyðarfirði.

Hvað er bein erlend fjárfesting?

Bein erlend fjárfesting (e. „Foreign Direct Investment“) er skilgreind sem fjárfesting erlends aðila á 10 % eða meira af eiginfé í fyrirtæki sem skráð er í öðru landi en því sem lögheimili hans er.

Þó Ísland hafi slakað á hömlum á erlenda fjárfestingu voru þær enn á meðal þeirra mestu innan OECD árið 2012



Mynd fengin úr skýrslu Fjárfestingarvaktarinnar í maí 2013 þar sem notast við mat Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) á hömlum á erlendra fjárfestingu. Skali frá 0 til 1, þar sem 0 táknar engar hömlur og 1 táknar algjört bann.


*Mismunur takmarkana á Íslandi árið 2006 og 2012 skýrist af leiðréttingu á mælingu OECD á eignarhaldi erlendra aðila að fenginni ábendingu frá íslenskum stjórnvöldum.

Er hagnaður erlendra fjárfesta á kostnað innlendra aðila?

Virðisauki er forsenda arðs

- Rétt er að erlendir aðilar sem leggja til fjármagn hérlandis gera það með það að markmiði að **njóta arðs af fjárfestingu sinni** og vonast þar að leiðandi til að geta tekið meira fjármagn út úr landinu en þeir lögðu inn í það.
- Aftur á móti er **virðisaukinn sem hlýst af fjárfestingu** þeirra forsenda þess að arður verði af fjárfestingunni.
- Virðisaukinn verður **að miklu leyti eftir í landinu** í formi launa, skatta, kaupum á innlendum aðföngum og þjónustu sem og í uppbyggingu fastafjármuna í landinu.
- Sé áhugasömum fjárfestum bægt frá landinu er líklegt að **landið verði af þessum virðisauka**.
- Aukinheldur verða **ýmis jákvæð ytri áhrif** erlendrar fjárfestingar, s.s. aukin þekking og reynsla.

Dæmi um skiptingu heildarveltu hjá íslensku fyrirtæki



Hver eru jákvæð áhrif beinnar erlendrar fjárfestingar?



Heilt yfir eru jákvæð áhrif beinnar erlendrar fjárfestingar meiri eftir því sem hagkerfið er minna

1. Bein erlend fjárfesting skapar meiri stöðugleika en erlend lántaka auk þess sem áhættu er dreift í ríkari mæli

Kostir erlendar fjárfestingar umfram erlendar lántöku


- Bein erlend fjárfesting er **stöðugri en erlend lántaka** og ógnar síður ytra jafnvægi hagkerfisins.
- Fjárfestar sem eru hluthafar í innlendu fyrirtæki eiga **beina langtímahagsmuni** af því hvernig fyrirtæki gengur. Þeir geta ekki losað um stöður sínar skjótt þegar aðstæður færast til verri vegar nema með verulegum afföllum.
- **Fjölbreytni** er aukin í undirstöðum atvinnulífsins og áhættu dreift milli fleiri aðila.



2. Með aukinni þátttöku erlendra aðila á innlendum markaði skapast ýmiss konar jákvæð afleidd áhrif sem styðja við hagvöxt

Erlend fjárfesting skapar fjölpætt „smitunaráhrif“

- Innlendir aðilar hafa oft samkeppnisforskot á þá erlendu vegna þess að þeir eru kunnugir staðarháttum. Erlendu aðilarnir þurfa því að ná upp þessu forskoti með **nýjungum, betri verkþekkingu og hærri framleiðni**.
- Reynslan af erlendri fjárfestingu hefur sýnt að **innlendir aðilar tileinka sér nýjungar og þekkingu erlendu aðilanna** sem koma inn í landið – þessi afleiddu áhrif hafa verið kölluð „smitunaráhrif“
- Smitunaráhrifa gætir sérstaklega þegar um er að ræða starfsemi með háan virðisauka og þegar menntunarstig innlendu þjóðarinnar er sem hæst
- Ennfremur hafa erlendu aðilarnir oft yfir að ráða **víðtæku tengsla- og söluneti** sem nýtist við að koma innlendra framleiðslu á framfæri erlendis



3. Erlendir fjárfestar hafa oft og tíðum meira bolmagn til fjárfestinga og geta því tekið að sér stór áhættusöm verkefni

Kostir erlendrar fjárfestingar umfram erlendrar lántöku

- Í smáum hagkerfum er oft **ekki til nægjanlegt magn áhættufjármagns** til þess að ráðast í stórar arðbærar fjárfestingar. Verkefnin geta einfaldlega verið of stór fyrir innlenda aðila sem vilja dreifa áhættu.
- Á Íslandi hafa stærstu framkvæmdirnar oft verið á forræði fyrirtækja sem eru í eigu hins opinbera. Hér má nefna Kárahnjúkavirkjun en umfang hennar nam nálægt 10% af þáverandi landsframleiðslu Íslands.
- Aðkoma erlendra aðila **fjölgar mögulegum framkvæmdum** af þessari stærðargráðu, án þess að hið opinbera og skattgreiðendur þurfi að taka á sig aukna áhættu.
- Reynsla annarra þjóða hefur sýnt að erlent fjármagn kemur oft sem **viðbót við innlenda fjárfestingu og** ryður ekki nema að takmörkuðu leyti út innlenda fjárfestingu.

Kárahnjúkavirkjun



Uppsafnaður framkvæmdakostnaður við Kárahnjúkavirkjun nam alls nálægt 10% af VLF þess árs sem framkvæmdir hófust.

Erfitt er að sjá fyrir sér framkvæmd af slíkri stærðargráðu án aðkomu hins opinbera eða erlendra aðila.

Stefna stjórnvalda varðandi beina erlenda fjárfestingu getur haft mikil efnahagsleg áhrif

Tvær sviðsmyndir

Lokað á beina erlenda fjárfestingu

- ✓ Lægra fjárfestingarstig
- ✓ Minni þekking, reynsla, kunnátta og tengsl
- ✓ Einsleitara atvinnulíf
- ✓ Minni áhættudreifing innlands sparnaðar
- ✓ Færri tækifæri og aukinn atgervisflótti
- ✓ Aukin áhætta á gjaldeyriskreppum


Hagvöxtur

Opnað í auknum mæli fyrir beina erlenda fjárfestingu

- ✓ Hærra fjárfestingarstig
- ✓ Aukin þekking, reynsla, kunnátta og tengsl
- ✓ Fjölbreyttara atvinnulíf
- ✓ Meiri áhættudreifing innlands sparnaðar
- ✓ Aukin tækifæri fyrir menntað fólk með sérhæfða þekkingu
- ✓ Minni hættu á gjaldeyriskreppum

Hagvöxtur

Af hverju er erlend fjárfesting lág á Ísland?



Hvað er hægt að gera til þess að auka erlenda fjárfestingu?

1

Stefna

- Stjórnvöld móti skýra opinbera stefnu um beina erlenda fjárfestingu og dragi úr hömlum á fjárfestingu í auðlindatengdum greinum. Ísland taki þátt í starfi alþjóðaviðskiptalaganefndar Sameinuðu þjóðanna og vinni að samræmingu á lögum um alþjóðleg viðskipti.

2

Stjórnsýsla

- Markvissari og hraðari viðbrögð við fyrirspurnum og skattatengdum úrskurðarbeiðnum.
- Ákvæði um tilkynningaskildu allra erlenda fjárfestinga verði felld út.

3

Höft

- Höft verði afnumin sem fyrst og þangað til reynt að lágmarka áhrif þeirra á erlenda fjárfestingu, t.a.m. með aukinni upplýsingagjöf um fjárfestingarleið Seðlabankans og skýrum svörum við fyrirspurnum sem tengjast höftunum.

4

Gjaldmiðill

- Stefna í peningamálum sem miðar fyrst og fremst að því að lágmarka gengisáhættu.
- Aukin samræming fjármála- og peningamálastefnu.

5

Smæð/fjarlægð

- Með því að leggja áherslu á að viðhalda góðum tengingum við alþjóðlega markaði má draga úr neikvæðum áhrifum sem smæð og afskekkt lega landsins hefur. Með tengingum er hér átt við flutninga á fólki, frakti og netgögnum.

6

Skattar og regluverk

- Fá alþjóðlegt viðurkennt fyrirtæki til að gera úttekt á íslensku skattkerfi og skattframkvæmd frá sjónarhóli fjárfesta og koma með tillögur til úrbóta.
- Hraða vinnu um einfaldara og skilvirkara regluverk.
- Fjölga gerð samninga við önnur ríki um gagnkvæma vernd fjárfestinga.

7

Umræða/Viðhorf

- Mikilvægt er að allir leggi sitt að mörkum við að stuðla að málefnalegri umræðu um erlenda fjárfestingu.

*Ýmsar sambærilegar tillögur hafa verið reifaðar í skýrslu Fjárfestingarvaktarinnar frá maí 2013.



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE



Sameiginlegur vettvangur íslensks viðskiptalífs